

Ed.

433. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til 1. um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 7. gr. frv. komi ný grein, er verði 8. gr., og breytist greinatala samkvæmt því:
Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.
Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.
2. Við 8. gr. (verður 9. gr.). 2. mgr. orðist svo:
Heimilt er að skipta safninu í deildir. Heimild þessi nær jafnframt til starfrækslu þeirrar, er leiðir af 8. gr.
3. Við 12. gr. (verður 13. gr.). Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Um samstarf Háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Íslands og stofnanir hans, skal sett sérstök reglugerð í samræmi við 8. og 9. gr. þessara laga og 2. og 36. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.